

Forsætisráðuneyti
Stjórnarráðshúsinu við Lækjargötu
101 Reykjavík

Sent á Samráðsgátt


Reykjavík, 26. ágúst 2025

Efni: Umsögn Hugverkaráðs Samtaka iðnaðarins um áform um atvinnustefnu Íslands til 2035, mál S-144/2025

Hugverkaráð Samtaka iðnaðarins¹ („Hugverkaráð SI“) fagnar áformum ríkisstjórnarinnar um að mótuð verði atvinnustefna fyrir Ísland og telur vænlegt til árangurs fyrir íslenskt samfélag og þjóðarþú að setja áherslu á að styðja við þau vaxtartækifæri sem eru fyrir hendi í hugverkaiðnaði.

Hugverkaráð var stofnað til þess að vekja athygli á þeim gríðarlegu tækifærum sem felast í hugverkaiðnaði; til þess að afla aukinna útflutningstekna og þannig styðja við hagvöxt en á sama tíma skapa háframleiðnistörf og leysa samfélagsleg vandamál. Vöxtur iðnaðarins hefur verið hraður og sér ekki fyrir endann á honum en aðkoma stjórnvalda skiptir sköpum í þeim efnum. Með öflugum hvötum, skilvirkri umgjörð og skýru regluverki geta stjórnvöld leyst úr læðingi aukna verðmætasköpun og skapað skilyrði fyrir áframhaldandi vöxt hugverkaiðnaðar.


Hugverkaiðnaður er fjórða stoð útflutnings á Íslandi en útflutningstekjur greinarinnar námu 309 milljörðum króna árið 2024 sem er tvöföldun á síðustu fimm árum. Vöxtur hugverkaiðnaðar þýðir aukna verðmætasköpun, aukinn efnahagslegan stöðugleika og fleiri háframleiðnistörf. Fjárfesting fyrirtækja í rannsóknum og þróun (R&P) er undirstaða hugverkaiðnaðar og mannauður helsta auðlind greinarinnar.



¹ Hugverkaráð fer fyrir stefnumótun um málefni nýsköpunar og hugverkaiðnaðar hjá Samtökum iðnaðarins („SI“). Hugverkaráð SI er samfélag fulltrúa margra af helstu hugverka- og hátæknifyrirtækjum landsins sem kemur reglulega saman til þess að meta samkeppnishæfni Íslands og sóknartækifæri í hugverkaiðnaði. Í Hugverkaráði sitja fulltrúar fyrirtækja í hugverkaiðnaði innan raða SI í greinum líkt og lyfjaframleiðslu, líf- og heilbrigðistækni, leikjaiðnaði, upplýsingatækni, fjarskiptum og gagnaverum, hátækni og menntatækni.

ÚTFLUTNINGSTEKJUR


Milljarðar kr.



Heildarfjöldi starfandi í hugverkaiðnaði voru í fyrra að jafnaði 18.350 en það er um 8% af heildarfjölda starfandi á íslenskum vinnumarkaði á því ári. Laun eru hærri en að jafnaði í öðrum atvinnugreinum og endurspeglar það háa framleiðni í greininni. Lífskjör þjóða ráðast af framleiðni og framleiðni er því mikilvæg mælistika á stöðu og þróun hagkerfisins og framtíðarhorfur.

FJÖLDI STARFANDI

Í þúsundum




Skattahvatar vegna rannsókna og þróunar eru öflugasta tólið í verkfærakistu ríkisins til að stuðla að fjárfestingu í nýsköpun en skattahvatar til nýsköpunar hafa leitt þess að fyrirtæki í hugverkaiðnaði hafa sett aukið fjármagn í rannsóknir og þróun með tilheyrandi fjölgun háframleiðnistarfa sem og aukningu í útflutningi. Uppskeran af fjárfestingu í R&Ð síðustu 15 ár er að koma ríkulega fram í hagkerfinu.² Framlag ríkisins í R&Ð hefur aukist mikið hér á landi á síðustu árum og er nú sem hlutfall af landsframleiðslu yfir meðaltali ESB ríkja en hins vegar minna en í Bandaríkjunum.

² Skattahvatar rannsókna og þróunar auka framleiðni og bæta lífskjör. Samtök iðnaðarins, 2023.
https://www.si.is/media/eplica-uppsetning/Greining-SI_Skattahvatar-R-Th_25-10-2023.pdf

FJÁRMAGN TIL RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARSTARFS

Milljarðar kr.



SI hefur unnið kannanir á vaxtartækifærum í hugverkaiðnaði og jafnframt hverjar séu helstu hindranir fyrir mögulegum vexti í iðnaðinum. SI gerðu árið 2023 könnun meðal nokkurra fyrirtækja í hugverkaiðnaði á því hvers þau vænta í auknum útflutningstekjum litið til næstu fimm ára. Niðurstaðan er sú að fyrirtækin sjá fyrir sér að auka útflutningstekjur sínar samanlagt um ríflega 460 ma.kr. fram til ársins 2027. Ef af þessu verður munu útflutningstekjur greinarinnar nær þrefaldast og verða 700 ma.kr. árið 2027. Útflutningstekjur þjóðarbúsins í heild munu aukast við þetta um fjórðung. Áhrif þessa á hagkerfið verða veruleg en þetta mun bæði auka verðmætasköpun og fjölga háframleiðnistörfum. Í dag kemur stærstur hluti útflutningstekna í hugverkaiðnaði frá lyfja-, líf-, og heilbrigðistækni en undir þá grein falla fyrirtæki á borð við Össur, Controlant, Alvotech og Kerecis. Mikil vaxtartækifæri eru enn fyrir hendi í þessum greinum en þó má ekki líta framhjá tækifærum sem felast í öðrum greinum hugverkaiðnaðar, svo sem menntatækni, tölvuleikjaiðnaði og hátækni framleiðslu. Þetta eru greinar sem eru vaxandi á alþjóðavísu og með skýrri stefnumörkun stjórnvalda er hægt að laða til landsins erlent fjármagn og alþjóðlega sérfræðinga sem styður við uppbyggingu og vöxt þessara greina.

Skattahvatar vegna rannsókna og þróunar eru sem áður segir hryggjarstykkið í stuðningsumhverfi nýsköpunar og aðalhvatininn fyrir því að fyrirtæki standsetji rannsókna- og þróunarverkefni hér á landi. Íslensk stjórnvöld þurfa þó að efla stuðningsumhverfi fyrir vaxtarfyrirtæki til þess að tryggja að starfsemi haldist í landinu þegar fyrirtæki vaxa uppúr rannsókna- og þróunarfasa en eru enn í þeim sporum að hefja framleiðslu og hefja markaðssókn erlendis.

Ein helsta hindrun fyrir vexti hugverkaiðnaðar um þessar mundir er skortur á sérfræðimenntuðu starfsfólki³. Vegna þess að innlent menntakerfi nær ekki að mæta þörf greinarinnar fyrir mannauði er þörf á sækja hluta vinnuafis erlendis frá. Umsóknarferli um dvalar- og atvinnuleyfi eru hins vegar flókin, tímafrek og ófyrirsjáanleg. Þetta skapar óvissu og tafir sem draga úr vaxtarmöguleikum fyrirtækja í greininni. Hugverkaráð SI kallar eftir markvissum aðgerðum stjórnvalda til að tryggja að framboð sérfræðinga haldist í hendur við vöxt greinarinnar.

³ Vænta 77% fjölgunar starfsfólks í tækni- og hugverkaiðnaði á næstu fimm árum. SI. 2024. https://www.si.is/media/eplica-uppsetning/Greining-SI_Vaenta-77-fjolgunar-starfsfolks-i-taekni-og-hugverkaidnadi-a-naestu-fimm-arum-02-02-2024.pdf



Hugverkaráð SI hvetur stjórnvöld til þess að kveða skýrt á um það í atvinnustefnu að vaxtarhindrunum verði rutt úr vegi með það fyrir augum að gera Ísland að landi hugvits, nýsköpunar og tækifæra.

Hugverkaráð SI telur einsýnt að setja hugverkaiðnað í forgrunn atvinnustefnu Íslands til 2035 enda hefur greinin þegar sannað gildi sitt sem fjórða útflutningsstoð Íslands og er um að ræða háframleiðnigrein. Með öflugum skattahvötum og þar með áframhaldandi fjárfestingu í R&D og markvissri stefnu í mennta- og mannauðsmálum og gagnvart tæknilegum og stafrænum innviðum, getur Ísland tryggt sjálfbæran hagvöxt, fjölbreytt háframleiðnistörf og alþjóðlega samkeppnishæfni.

A handwritten signature in blue ink, reading 'Ingvar Hjálmarsson'.

Ingvar Hjálmarsson

formaður Hugverkaráðs Samtaka iðnaðarins